

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun og eyðingu sorps í Kjósarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði sveitarfélagsins af sorphirðu og sorpeyðingu. Kjósarhreppur innheimtir gjald fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald er samkvæmt tegund eignar og tæming samkvæmt sorphirðudagatali sem birt er á vef sveitarfélagsins. Vegna frístundahúsa, óbyggðra lóða og rekstrar er lagt á sérstakt sorpgjald án tillits til stærðar íláta eða tæmingar.

3. gr.

Sorphirðugjald verður sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Álagning kr.</i>
Íbúðarhúsnæði, 3 tonnur almennt rusl, pappír og plast	39.300
Frístundahús	14.180
Sorphirðugjald rekstrar í C-hluta	33.825
Sorphirðugjald rekstrar í A-hluta	19.370
Óbyggðar lóðir	3.880
Sorphirðugjald án tunnu v. íbúðarhús	19.370

4. gr.

Af skráðum fasteignum í sveitarfélaginu skal greiða grunnjald óháð stærð íláta og án tillits til tæmingar. Eigandi fasteignar greiðir sorphirðugjald nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist sorphirðugjaldið af ábúanda eða notanda.

Eigendur jarða, ábúendur eða notendur, greiða eitt grunnjald enda séu skráðar fasteignir tilheyrandi jörðinni í umráðum sama eða sömu aðila og jörðin. Heimilt er að leggja sorphirðugjald rekstrar samkvæmt flokki A á allar jarðir í sveitarfélaginu óháð því hvort búseta/rekstur sé á jörðunum eða ekki.

5. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign sem það er lagt á, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í hreppsnefnd Kjósarhrepps sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi nr. 30/2007, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og tekur hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1165/2010.

Samþykkt í hreppsnefnd 11. nóvember 2020.

Kjósarhreppi, 26. janúar 2021.

Karl Magnús Kristjánsson oddviti.